Sjóminjasafn Íslands

Lifandi starfsemi og stóraukin aðsókn

HINN 1. október nk. er liðið eitt ár frá því að Þjóðminjasafn Íslands tók við stjórn Sjóminjasafns Íslands og á þessu tæpa ári hefur orðið mikil breyting á þessu litla en vinalega safni allra landsmana í Brydepakkhúsi í Hafnarfirði.

Gert var átak í að kynna safnið, starfsemi þess og staðsetningu, húsið merkt að utan, efnt til samstarfs við aðila í ferðaiðnaði og móttöku ferðamanna í Hafnarfirði, sýningartíma var breytt og hann lengdur, sett var upp lítil safnbúð, bryddað upp á ýmsum nýjungum í sýningarstarfi, boðið upp á harmonikkumúsík og fleira í þeim dúr.

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa því gestafjöldinn hefur margfaldast það sem af er árinu miðað við árið í fyrra og undanfarin ár. Gestir safnsins eru nú á áttunda þúsund þegar fjórir mánuðir eru eftir af árinu.

Þar skiptir mestu að sett var upp ný og vönduð fastasýning í safninu „Fiskur og fólk" sem opnuð var á sjómannadaginn, 6. júní af Ólafi Ásgeirssyni, formanni Þjóðminjaráðs. Fyrri fastasýning hafði staðið að mestu óbreytt frá því safnið var opnað árið 1986 og var engan veginn fullnægjandi lengur. Meira úrval muna er nú til sýnis en áður og þeim komið fyrir á skemmtilegan og aðgengilegan hátt í tímaröð með glöggum skýringartextum á íslensku og ensku.


Hefur sýningin hlotið góða dóma gagnrýnenda og safnafólks og frábærar viðtökur almennings, sem sækir nú safnið heim um helgar í mun meiri mæli en áður var. Sýningin tekur yfir mestan hluta safnhússins á þremur hæðum og eru sýningargripir á fimmta hundrað í 30 sýningardeildum eða einingum. „Fiskur og fólk" var að öllu leyti samin og sett upp af starfsmönnum safnsins og var safninu aldrei lokað meðan á uppsetningu stóð. Vönduð sýningarskrá með skýringarmyndum fylgir sýningunni og fyrir erlenda gesti er útdráttur á fjórum tungumálum.

Þá setti Sjóminjasafnið upp litla og fróðlega sumarsýningu í Geysishúsi, „Sjósókn og sjávarfang" í samvinnu við Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn og nokkur fyrirtæki tengd sjávarútvegi og stóð hún frá 6. júlí til 22. ágúst. Þar voru meðal annars til sýnis loftskeytaklefi í eigu safnsins af togaranum Geir RE 241 frá árinu 1923 með öllum tækjabúnaði, „Halakotsbáturinn", lítill árabátur frá Vatnsleysuströnd smíðaður árið 1904, líkön, myndir, munir og margt fleira.

Aðsókn var góð að sýningunni í Geysishúsi og á fimmta þúsund gesta lagði þangað leið sína. Því má segja að á tólfta þúsund manns hafi skoðað sýningar Sjóminjasafns Íslands það sem af er árinu sem er um 400% aukning frá árinu 1992.

Ekki hefur verið látið sitja við sýningarhald og kynningarstarf því talsvert hefur verið unnið að innri málum safnsins og rannsóknarstörfum. Skráningu safngripa var mjög ábótavant, en nú hafa allflestir munir verið skráðir í tölvu. Nokkuð hefur borist af gjöfum til safnsins og Ljósmyndasafn Reykjavíkur gaf gott safn mynda á hina nýju sýningu.

Eftir bátabrunann í Vesturvör í vor fór fram á vegum safnsins athugun á því hvað til er af gömlum bátum og var meðal annars farið í tvær könnunarferðir í sumar í þessum tilgangi, aðra um Suðurnes og hina um Breiðafjörð og nágrenni. Er nú mun ljósara en áður hvað til er af gömlum bátum og í hvað ástandi þeir eru. Nú í haust verður sett upp lítil sérsýning í anddyri Sjóminjasafnsins þar sem árangur þessara ferða verður kynntur í ljósmyndum og texta.



Sjóminjasafn Íslands.

Hefur Jón Allansson safnvörður annast þessa þætti starfseminnar en hann nam auk sagnfræði bæði fornleifafræði og safnavísindi við Gautaborgarháskóla og starfaði við Arkeologiska Museet þar í borg um skeið. Björn G. Björnsson annast kynningar- og markaðsmál og sér um daglegan rekstur, en Björn hefur unnið að kynningarmálum um árabil.

Nú er sumartörnin að mestu að baki og hauststarfsemin að fara í gang og þá er skólafólk áberandi meðal safngesta. Sjóminjasafnið sendi öllum grunnskólum á Suðurnesjum og Vesturlandi kynningarefni sl. haust ásamt verkefnum fyrir mismunandi aldurshópa og var því afar vel tekið. Um 2000 nemendur heimsóttu safnið fram til vors og líkaði bæði kennurum og nemendum vel. Nú verður skólum landsins sent sameiginlegt kynningarefni fyrir öll þrjú söfnin; Sjóminjasafnið, Nesstofusafn og Þjóðminjasafn Íslands.

Sjóminjasafn Íslands er opið alla daga frá kl. 13-17 út septembermánuð, en frá kl. 13-17 um helgar eftir 1. október. Safnið er opið á öðrum tímum eftir samkomulagi fyrir einstaklinga eða hópa.

(Fréttatilkynning)



SÉRSÝNING

á tækjum og vélum fyrir fiskiðnað og sjávarútveg að

SELJAVEGI 2

Við í Héðni- verslun bjóðum þér að koma í sýningarsal okkar og kynna þér fjölbreytt úrval af traustum vörum og þjónustu sem íslenskur fiskiðnaður og sjávarútvegur hafa notið í áratugi.

Á sýningunni er m.a. Hátæknibúnaður til stýringar og gæslu á kæli- og frystikerfum, vökvamótorar o.fl. fyrir háþrýsti-vökvakerfi, vatns-, sjó-, og slógdælur, rafsuðutæki og margt fleira áhugavert.

Tæknimenn okkar veita þér fúslega allar upplýsingar um vöruna, varahlutaþjónustuna og annað sem þig fýsir að vita.

NOTAÐU TÆKIFÆRIÐ OG SKOÐAÐU ÞESSA SÝNINGU LÍKA!

HÉÐINN
VERSLUN
SELJAVEGI 2 SÍMI 624260

ARGUS /SÍA

Kjarvalsstaðir

Sýning á málverkum eftir Gunnlaug Blöndal

Laugardaginn 18. september kl. 16 verður opnuð sýning á 45 málverkum eftir Gunnlaug Blöndal á Kjarvalsstöðum í tilefni af því að 27. ágúst sl. voru hundrað ár liðin frá fæðingu hans.

Gunnlaugur Blöndal fæddist að Sævarlandi í Þistilfirði, en fluttist snemma með foreldrum sínum til Hvammstanga þar sem hann ólst upp. Hann lærði tréskurð í Reykjavík hjá Stefáni Eiríkssyni tréskurðarmeistara, en hélt svo til Kaupmannahafnar 1913, þar sem hann settist á skólabekk í Teknisk Selskab Skole og nam þar teikningu. Gunnlaugur hvarf þó heim frá Kaupmannahöfn, en tveim árum síðar hélt hann aftur utan og þá til Oslóar, þar sem hann komst inn í Listaakademíuna og var þar undir handleiðslu eins virtasta málara Norðmanna á þessum tíma, Christians Kroghs.

Í Osló komst Gunnlaugur í snertingu við franska samtímalist og þá sérstaklega verk eftir Renoir og Matisse. Að loknu tveggja ára námi ferðaðist hann víða um Evrópu og kom síðan heim og 1922 hélt hann sína fyrstu einkasýningu. Sýningunni var vel tekið og í framhaldi af henni beittu nokkrir einstaklingar sér fyrir því að styrkja hann til utanferðar á nýjan leik og nú til Frakklands, þar sem hann dvaldi næstu fimm árin, eða til 1929.

Í París á þessum tíma var mikil listræn hringiða og varð Gunnlaugur fyrir miklum áhrifum frá þeim hreyfingum sem helstar voru í gangi, s.s. expression- og kúbisma. Hann settist að í listamannahverfinu Montparnasse og sótti tíma í Akademíu André Lhote en færði sig fljótlega yfir í „Hina frjálsu vinnustofu" þar sem Fernand Léger var meðal kennara hans. Gunnlaugur hreifst af verkum Maurice Utrillos og Amedo Modiglianis og fór þess brátt að gæta í myndum hans. Í París átti sér stað uppgjör við raunsæismálverkið sem hann hafði tileinkað sér í Osló og reyndi hann fyrir sér með fjölbreyttum stílbrögðum. Á þessum árum uppgötvaði Gunnlaugur nýtt myndefni — konuna og nekt hennar — sem átti eftir að fylgja honum allan hans feril.

Gunnlaugi tókst að skapa sér rými í frönsku listalífi. Hann var viðurkenndur sem virtur þátttakandi í Parísarskólanum og átti verk á frægri sýningu á franskri samtímalist sem send var til Tókýó 1926. Honum var boðið að sýna verk sín í gallerii Billiet og Musée National du Luxembourg í París keypti af honum málverk sem sýndi höfnina í Reykjavík.

Á fjórða áratugnum sýndi Gunnlaugur víða um Evrópu, þó sérstaklega í Danmörku þar sem hann var búsettur og svo á Íslandi, því myndefni sitt sótti hann gjarnan til Íslands og kom oft hingað á sumrin og málaði.

Hann beindi athygli sinni að fáum myndefnum á ferli sínum, en fyrir utan konumyndir voru það landslags-, portrett-, sjávar- og hafnarmyndir, sérstaklega á Siglufirði og fólk við fiskvinnslu.

Gunnlaugur fluttist aftur til Íslands eftir að stríðið skall á í Evrópu og hér starfaði hann af krafti síðustu tuttugu ár ævi sinnar.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð litprentuð sýningarskrá með grein eftir Gunnar B. Kvaran um listamanninn og feril hans.

Sýningin á Kjarvalsstöðum mun standa til sunnudagsins 17. október og er opin daglega frá kl. 10-18.

„HVER ER SINNAR GÆFU SMIÐUR"

1. Viltu njóta lífsins og verða öruggari með sjálfan þig?
2. Ná betri tökum á mannlegum samskiptum og losna við áhyggjur og kvíða?
3. Verða góður ræðumaður og virkja eldmóðinn?

Fjárfesting í menntun skilar þér arði ævilangt.

Upplýsingar í síma:
81 24 11
STJÓRNUNARSKÓLINN

Kjarval í París

Í BORGARLISTASAFNI Parísar, Pavillon des Arts, verður opnuð sýning á verkum eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval, föstudaginn 17. september. Sýnd verða 46 málverk, teikningar og vatnslitamyndir úr eigu Listasafns Reykjavíkur, Kjarvalsstaða, Listasafns Íslands, Listasafns ASÍ og fjölda einstaklinga.

Meginþema sýningarinar er hin fjölbreytilega sýn Kjarvals á íslenska náttúru og hvernig hann samtvinnar yfirnáttúrulegar og jarðneskar verur landslagstúlkun sinni. Á sýningu þessari getur að líta mörg af meginverkefnum meistarans svo sem „Fjallamjólk" frá 1941 og „Krítík" frá 1946-47.

Þetta er í fyrsta skipti sem haldin er sýning á verkum eftir Kjarval í Frakklandi og er hún unnin í samvinnu Kjarvalsstaða, Menntamálaráðuneytisins og Pavillon des Arts.

Í tilefni af sýningunni hefur verið gefin út sýningarskrá á frönsku með greinum eftir Kristínu Guðnadóttur listfræðing og safnvörð Kjarvalsstaða, Halldór Laxness og Jean-Jacues Lebel. Einnig hefur verið prentað veggspjald. Sýningin í Pavillon des Arts mun standa til sunnudagsins 14. nóvember.